

fyrir 1. janúar 1828, á tímabilinu september og október næst á undan, að hann geti verið faðir að barninu, en greiði ella barnsfararkostnað og meðlag með barninu frá fæðingu barnsins eftir yfirvaldsúrskurði.

Þess skal getið, að vegna manntalsþinga og annara embættisanna, hefir eigi verið hægt að kveða upp dóm þennan fyr.

Mánudaginn 19. maí 1930.

Nr. 124/1929. **Vatnsveitufélag Skildinganesskaup-
túns** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**bæjarstjórn Reykjavíkur og gagn-
sök** (Guðm. Ólafsson).

Réttur aðaláfrýjanda til vatnstöku úr vatnsveitu stefnda (Reykjavíkurbæjar).

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvbr. 1929: Stefnanda, Vatnsveitufélagi Skildinganesskaupfélags, skal heimilt vatn úr vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til notkunar í heimilis- og búsparfir, svo fremi dómkvaddir menn meta, að vatn í veitunni sé til þess nægilegt umfram þarfir kaupstaðarins, enda ákveði þeir stað þann, er æðina til stefnanda kann að mega taka úr veitunni, þannig, að vatnsnot stefnanda brjóti ekki í bág við vatnspörf Reykjavíkurkaupstaðar, en stefnanda þó tryggt vatn ef umfram er. Og enn er heimild stefnanda til vatns úr veitunni því skilyrði bundin, að vatnsæðin til hans valdi eigi, eftir mati sömu manna, kaupstaðnum verulegu óhagræði að öðru leyti.

Hin stefnda bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar greiði stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja.

Aðaláfrýjandi hafði í héraði gjört þá réttarkröfu,

að viðurkenndur yrði með dómi réttur íbúa Seltjarnarnesshrepps og þar með Vatnsveitufélags Skildingarnesskaupþúns, til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur, en fyrir hæstarétti hefir félagið aðeins krafizt viðurkennningar á þeim rétti sér til handa. Gjörist því ekki þörf á að athuga heimild aðaláfrýjanda til að koma fram í máli þessu fyrir hönd hreppsúa í heild sinni.

Í 35. gr. vatnalaganna er mælt svo fyrir, að fyrir-mæli 34. gr. þeirra skuli einnig taka til vatnsveitna, sem gjörðar hafa verið með heimild í eldri lögum. Samkvæmt þessu gildir því 34. gr. um vatnsveitu Reykjavíkur, enda þótt 155. gr. vatnalaganna láti lög nr. 84, 22. nóv. 1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík halda gildi sínu. Og með því að rétturinn verður að vera héraðsdómaranum sammála um það, að 34. gr. vatnalaganna veiti ekki aðeins einstaklingum heldur og vatnsveitufélögum þar umræddan rétt, þá leiðir af því, að aðaláfrýjandi mundi eiga rétt til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur samkvæmt heimild 34. gr. vatnalaganna og með þeim skilyrðum, er þar greinir, ef eigi væri um aðra heimild honum til handa fyrir þeim rétti að ræða. Í því efni kemur aðeins til álita 3. gr. l. nr. 46, 20 júní 1923. Þar er mælt svo fyrir, að íbúum Seltjarnarnesshrepps skuli heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkur til heimilis- og búsparfa, enda hliti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja og greiði sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sér og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefir því verið haldið fram, að umrætt ákvæði 3. gr. l. nr. 46, 20. júní 1923 beri að skilja á þá leið, að greinin veiti aðaláfrýjanda

aðeins þann sama rétt til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur, sem 34. gr. vatnalaganna veitir honum, og að réttur hans því sé þeim takmörkunum bundinn, að vatnsveita Reykjavíkur sé aflögufær og að vatnstakan valdi eigi eiganda veitunnar verulegu óhagræði að öðru leyti. Til styrktar þessari skoðun sinni hefir hann vitnað til ummæla formanns allsherjarnefndar neðri deildar í ummælum um málið á Alþingi, er í sömu átt hníga. En með því, að það hlýtur að teljast ósennilegt, að löggjafinn setji sérstök lagaákvæði, er aðeins sé ætlað að staðfesta önnur lagaákvæði, er engin tvímæli leika á að gildi, og með því að ennfremur, að efnismunur er á lagaákvæðum þessum, þar sem heimildin til vatnstökunnar að sumu leyti er þrengri í 3. gr. l. nr. 46, 20. júní 1923 en í 34. gr. vatnalaganna og að öðru leyti rýmri, þá verða téð ummæli úr umræðunum um málið á Alþingi eigi talin bindandi um skilning þessa á kvæðis. Með því ennfremur, að 3. gr. l. nr. 46, 20. júní 1923 heimilar gagnáfrýjanda bætur fyrir vatnið og því eigi verður talin fara í bága við 63. gr. stjórnarskrárinnar, og 3. gr. l. nr. 46, 20. júní 1923 er sérákvæði um vatnsveitu Reykjavíkur, er ganga verður við úrskurð þessa máls fyrir hinu almenna ákvæði 34. gr. vatnalaganna, þá verður í máli þessu að viðurkenna rétt aðaláfrýjanda til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur með þeim skilyrðum, sem segir í 3. gr. l. nr. 46, 20. júní 1923.

Aðaláfrýjandi hefir krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur sinn til að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur á stað, sem hann hefir tilgreint og með vatnsæð af tiltekinni vídd. Um bæði þessi atriði þykir rétt að fari eftir mati dómkvaddra manna, þannig, að þeir ákveði, hvar tengja skuli vatnsæð aðaláfrýjanda við vatnsæðakerfi Reykjavíkur, þannig, að

hagsmunum beggja aðilja sé sem best borgið, og að þeir sömuleiðis ákveði vidd vatnsæðar aðaláfrýjanda, eða gjörð hennar að öðru leyti með hliðsjón af því, að eigi sé tekið meira vatn en þarf til að fullnægja heimilispörfum og búspörfum (sbr. 15. gr. vatnalaganna) félagsmanna í Vatnsveitufélagi Skildinganesskauptúns.

Samkvæmt framansögðu verður því að skylda gagnáfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, til að leyfa aðaláfrýjanda, Vatnsveitufélagi Skildinganesskauptúns, að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur til heimilis- og búsparfa handa félagsmönnum, og að leyfa aðaláfrýjanda að leggja vatnsæð úr vatnsæðakerfi Reykjavíkur inn á félagssvæðið, enda hliti vatnsveitufélagið þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um lagningu vatnsæðarinnar, notkun vatnsins og meðferð veitukæja. Ef ekki næst samkomulag, skulu dómkvaddir menn meta, hvar tengja skuli æðina við vatnsæðakerfi Reykjavíkur, þannig, að hagsmunum beggja aðilja sé sem best borgið og ákveða vidd vatnsæðarinnar eða gjörð hennar að öðru leyti með hliðsjón af því, að eigi sé tekið meira vatn en þarf til heimilis- og búsparfa félagsmanna í vatnsveitufélaginu. Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað við lagningu vatnsæðarinnar inn á félagssvæðið, svo og allan kostnað, er vatnsveita Reykjavíkur kann að hafa af vatnstöku hans, þar með talinn kostnað við breytingu, er gjöra kann að þurfa á vatnsæðakerfi Reykjavíkur vegna þessa, og enn fremur endurgjald fyrir vatnsnotin og skal þetta metið af dómkvöddum mönnum, nema samkomulag verði.

Í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 500 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórn Reykjavíkur, skal skylt að leyfa aðaláfrýjanda, Vatnsveitufélagi Skildinganesskaupþúns, að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur til heimilis- og búsparfa handa félagsmönnum og að leyfa aðaláfrýjanda að leggja vatnsæð úr vatnsæðakerfi Reykjavíkur inn á félagssvæðið, enda hliti vatnsveitufélagið þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um lagningu vatnsæðarinnar, notkun vatnsins og meðferð veitutækja. Ef ekki næst samkomulag, skulu dómkvaddir menn meta, hvar tengja skuli æðina við vatnsæðakerfi Reykjavíkur, þannig, að hagsmunum beggja aðilja sé sem best borgið, og ákveða vidd vatnsæðarinnar eða gjörð hennar að öðru leyti með hliðsjón af því, að eigi sé tekið meira vatn en þarf til heimilis- og búsparfa félagsmanna í vatnsveitufélaginu. Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað við lagningu vatnsæðarinnar inn á félagssvæðið og allan kostnað, er vatnsveita Reykjavíkur kann að hafa af vatnstöku hans, þar með talinn kostnað við breytingu, er gjöra kann að þurfa á vatnsæðakerfi Reykjavíkur vegna þessa, og ennfremur endurgjald fyrir vatnsnotin, og skal þetta metið af dómkvöddum mönnum, nema samkomulag verði.

Í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 500 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför
að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómara
Lárusar H. Bjarnason,
í málinu nr. 124/1929: Vatnsveitufélag Skildinga-
nesskaupþúns
 gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur og
gagnsök.

Að vísu virðist 3. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, ein út af fyrir sig, veita íbúum Seltjarnarnesshrepps sjálfstæðan rétt til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar, til heimilis- og búsparfa þeirra. En þar sem upphaf 35. gr., sbr. 155. gr. vatnalaganna nr. 15/1923, sem urðu til á Alþingi nefnt ár á undan fyrnefndum lögum, heldur lögum nr. 84/1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík í fullu gildi, að því slepptu að 34. gr. vatnalaganna á og að taka til þátttöku annara í þegar stofnuðum vatnsveitum samkv. eldri lögum og vatnstöku réttur samkv. nefndri 3. gr. einni tæplega er samrímamlegur 63. gr. stjórnamskrárinnar, þá þykir og verða að taka tillit til 34. gr. vatnalaganna við skýringu 3. gr. hinna laganna, enda gat flutningsmaður tillögunnar að nefndri 3. gr. þess, um leið og hann flutti tillögunna á Alþingi, að Seltirningar, er voru hvatamenn að tillögunni, hafi »ekki farið fram á annað en það, sem vatnalögin heimila þeim«.

Eftir 34. gr. vatnalaganna er nýjum þátttakendum í eldri vatnsveitum heimilaður réttur til vatns til hverskonar notkunar. En samkv. 3. gr. laga nr. 46/1923

er íbúum Seltjarnarnesshrepps aðeins heimilað vatn »til heimilis- og búsparfa« og er það takmörkun á notkunarheimildinni samkv. vatnalögunum. Hins vegar er það ekki tekið fram berum orðum í nefndri laga- grein, svo sem í 34. gr. vatnalaganna, að það sé skilyrði fyrir vatnsútlátunum, að vatnsveitan hafi nægilegt vatn til þess og að vatnsútlátin valdi veit- unni ekki verulegu óhagræði að öðru leyti.

En bæði af því, sem áður er sagt, meðal annars um tilorðningu beggja laga og svo hinu, að lengi hefir borið á allmiklum vatnsskorti í sérstaklega 2 hæstu hlutum bæjarins, en eðlilegt að upphaflegir eigendur og kostnaðarmenn vatnsveitu Reykjavíkur, ekki síður en eigendur annara eldri vatnsveitufyrirtækja, gangi að þessu leyti fyrir þörfum annara og það því frem- ur, sem bænum í 2. gr. laga nr. 46/1923 er gjört að greiða, að því er ætla má, fulla borgun fyrir þau frið- indi, sem honum eru veitt í 1. gr. laganna, þá þykir mega ætla, að nefnd skilyrði vatnalaganna gildi og gagnvart áfrýjanda, enda þess getið í nefndri 3. gr., að íbúar Seltjarnarnesshrepps hliti og »þeim ákvæð- um, sem sett eru eða sett verða« um notkun vatns- ins, og er ekki ósennilegt, að þar sé meðal annars átt við margnefnd ákvæði 34. gr. vatnalaganna.

Samkv. þessu verður áfrýjanda, eins og gjört er í héraðsdóminum, aðeins veittur réttur til vatns úr vatnsveitu stefnda til heimilis- og búsparfa félags- manna, sbr. 15. gr. vatnalaganna, að því tilskildu, að metið verði, að stefndi hafi nægilegt vatn til þess og að veiting vatnsins valdi stefnda eigi verulegu óhagræði að öðru leyti, enda greiði áfrýjandi allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sér, sem og endurgjald fyrir vatnsnotin eftir dóm-

kvaddra manna mati, nema öðru visi umsemjist. Loks fari það, ef til kemur eftir mati, hvar tengja skuli heimæð áfrýjanda við vatnsveitu stefnda og hversu viðtengiæðin og gerð hennar að öðru leyti skuli vera í landi bæjarins.

Samkv. þessum úrslitum þykir málskostnaður í aðal-sök og gagnsök fyrir hæstarétti eftir atvikum eiga að falla niður, en málskostnað í héraði þykir aðalstefndi eiga að greiða aðaláfrýjanda með 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefnda, bæjarstjórn Reykjavíkur, skal skylt að heimila aðaláfrýjanda, Vatnsveitufélagi Skildinganesskaupþúns, að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur, til heimilis- og búsparfa félagsmanna, svo framarlega sem dómkvaddir menn meta vatnsveituna aflögufæra að vatni, og skulu matsmennirnir tiltaka bæði, hvar tengja skuli æð aðaláfrýjanda við vatnsveitu aðalstefnda og vídd æðarinnar og gerð að öðru leyti, enda hlíti aðaláfrýjandi þeim ákvæðum, sem sett kunna að verða um lagningu æðarinnar, vatnsnotin og veitutækin.

Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað við lagningu vatnsæðarinnar um land Reykjavíkur og þann kostnað, er vatnsveita aðalstefnda kann að hafa af vatnstöku aðaláfrýjanda, vegna breytinga á veitunni eða viðauka við hana, svo og endurgjald fyrir vatnsnotin eftir dómkvaddra manna mati, nema samkomulag verði.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málskostnað í héraði greiði aðalstefndi aðaláfrýjanda, að viðlagðri aðför að lögum, með 250 kr.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, Vatnsveitufélag Skildinganeskaupþúns gegn bæjarstjórn Reykjavíkur með stefnu, dags. 4. júlí þ. á., og gjört þær kröfur, *aðallega*, að íbúar Skildinganesshrepps og þar með Vatnsveitufélag Skildinganeskaupþúns hafi rétt til að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur í suðurenda Rauðarárstígs með allt að 80 m/m. viðri pípu og *til vara*, að þeir hafi rétt til að taka vatn úr vatnsveitu Reykjavíkur á þeim stöðum og að öðru leyti á þann hátt, að það valdi eigi Reykjavíkurkaupstað verulegum óhagnaði, svo hefir stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Það skal þegar á það bent, að í sáttakærunni standa í varakröfunni: orðin »verulegu óhagræði« í staðinn fyrir »verulegum óhagnaði« í varakröfunni samkvæmt stefnunni. Þetta orðalag virðist þó vera svo líkrar þýðingar, að ekki þykir ástæða til að vísa varakröfunni frá dómi *ex officio* sökum ósamræmis milli stefnu og sáttakæru.

Við þingfestingu máls þessa 11. júlí þ. á., lagði stefnandi fram stefnu, sáttakæru og vatnsveitusamþykkt fyrir Vatnsveitufélag Skildinganeskaupþúns, en enga málsútlistun sérstaklega og í nefndum skjölum er þess að engu getið, á hvaða rökum stefnandi reisir kröfu sína. Þótt þetta sé aðfinnsluverður málatilbúnaður, telur rétturinn samt ekki eiga að vísa málinu frá *ex officio* og engin krafa um frávisun af þessari ástæðu er gjörð af gagnaðila. Í sókn framlagðri 12. sept. þ. á. gjörir stefnandi grein fyrir á hverju hann byggir kröfur sínar, sem sé fyrst og fremst á 3. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og auk þess telur hann rétt sinn til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur heimilaðan í 29. sbr. 31. gr. vatnalaganna nr. 15/1923; segir stefnandi, að í »hvortveggju lögunum« sé réttur sinn »skýr og ótvíræður«. En þann mismun telur stefnandi þó vera á þessum heimildum,

að 3. gr. l. nr. 46/1923 skyldi bæinn *skilyrðislaust* til að láta af hendi vatn »til Seltjarnarnesshrepps« alveg án tillits til þess, hvort bærinn er aflögufær eða ekki, eða hvort það veldur honum óhagræði eða ekki, og er aðalkrafa stefnanda miðuð við þennan skilning. Stefndandi neitar því, að 3. gr. l. nr. 46/1923, eigi að skýra í samræmi við vatnalögin, en hefir þó til varúðar, að því er virðist, sett fram varakröfuna.

Stefndur hefir krafizt algjörðrar sýknu af kröfum stefnanda og sér dæmdan málskostnað eftir mati réttarins.

Um lög nr. 46/1923 tekur stefndur það fram, að áður en þau voru til meðferðar á Alþingi hafi staðið yfir samningur milli Reykjavíkurkaupstaðar annarsvegar og Seltjarnarnesshrepps og Mosfellshrepps hinsvegar um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Eftir að samningar höfðu tekizt milli aðilja, var borið fram frumvarp á Alþingi 1922 í samræmi við þá, en það frumvarp varð ekki útrætt að því sinni, en var borið upp í sömu mynd af nýju á þinginu 1923. Bæði þessi frumvörp höfðu það sameiginlegt, að í þeim var ekki ákvæði 3. gr. laga nr. 46/1923, en þessari grein var með breytingartillögu skotið inn í frumvarpið á Alþingi 1923, samkv. ósk frá Seltjarnarnesshreppi. Um þessa breytingartillögu lét framsögumaður málsins í neðri deild svo ummælt, að með henni væri ekki farið fram á annað en það, sem vatnalögin heimila íbúum hreppsins, en í nefndaráli efri deildar er hugsunin orðuð svo, að þessi grein sé mjög svipað ákvæði þeim, er vatnalögin hafa um sama efni. Stefndur telur því með sérstakri hliðsjón af því, að lög nr. 84/1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík voru látin standa óhöggðu jafnhliða vatnalögunum, að 3. gr. laga nr. 46/1923 sé aðeins skýring á vatnalögunum og hafi ekki neina nýja heimild að geyma, heldur sé greinin í fullu samræmi við þessi lög og þau verði að skýra það, hvort Reykjavík sé skylt að láta stefnanda vatn í té. Krafa stefnanda verði því að byggjast á III. kafla vatnalaganna. Þau einu ákvæði, sem stefndur telur að til greina geti komið eru 31., 32. og 34. gr. Tvær fyrstöldu greinarnar komi því ekki til mála því að þær eigi aðeins við einstaka menn, en vatnafélög séu með öllu útilokuð frá því að neyta þessara heimilda, orðalag þeirra bendi ótvírætt til þess, að þótt 34. gr. virðist hafa yfirgripsmeira orðalag, taka einnig til félaga, þá skilur stefndur þessa grein þó svo, að hún eigi við sömu menn sem 31. og 32. gr., nefnilega aðeins við einstaka menn, m. a. bendi

staða greinarinnar í III. kafla laganna á þetta. Stefnður kemst því að þeirri niðurstöðu, að réttur stefnanda til vatns úr vatnsveitu bæjarins verði eigi byggður á vatnalögunum, þar sem 34. gr. þeirra, sem helzt væri viðlit að byggja þennan rétt á, eigi aðeins við einstaka menn.

Loks tekur stefndur það fram, að þótt svo væri litið á, að stefnandi hefði rétt til vatns samkv. 34. gr. vatnalaganna, að þá gæti stefnandi allt að einu ekki orðið aðnjótandi vatnsins sökum þess, að það sé ekki öruggt, að bærinn hafi nægilegt vatn til eigin þarfa. Hefir hann þessu til styrktar lagt fram vottorð bæjarverkfræðingsins, dags. 30. ág. þ. á., sem sýnir það, að vatnið hefir lækkað verulega í brunnum þeim, er vatnsveitan hefir upptök sín, og er það álit verkfræðingsins, að jarðskjálftar þeir, er gengu s.l. sumar, séu orsök þess, að vatnið í brunnunum hefir þorrið. Þar sem því er hætta á, að vatn sé nú og verði ekki nægilegt og ráðstafanir verði örara, krefst stefndur þess, að matsnefnd verði látin skera úr um vatnsmegnið og þá jafnframt, hvort bærinn bærinn sé aflögufær. Þessari síðastnefndu kröfu hefir stefnandi mótmælt, meðal annars af því, að hún sé of seint fram komin. Þessi mótmæli stefnanda eru þó ástæðulaus, þar sem téð varnarástæða stefnds kom fram þegar á eftir frumsókn og málsútlistun stefnanda.

Stefndur hefir ekki véfengt heimild stefnanda til að koma fram fyrir íbúa Seltjarnarnesshrepps í þessu máli, svo að ekkert er frá réttarins hlið við aðild stefnanda að athuga.

Eins og áður er sagt, byggir stefnandi rétt sinn til vatnstöku úr vansveitu stefnds ekki aðeins á 3. gr. laga nr. 46/1923 heldur og telur hann heimild sína ótvíræða samkv. 29. gr., sbr. 31. gr. vatnalaganna, og ennfremur telur hann heimild fyrir vatnstökunni vera í 34. gr. sömu laga. Ef vatnalögin beinlinis veita stefnanda þennan rétt, þá verður skilningur 3. gr. l. nr. 46/1923 rökréttur, svo sem hann heldur fram, að téð lagagrein skyldi stefndan til skilyrðislaust að láta stefnanda vatn í té. En þar sem þessi skilningur er mjög athuga-verður frá mörgum hliðum séð og næsta ólíklegur, er vert fyrst að athuga það, hvort stefnandi hafi fengið umstefndan vatnstökurétt með vatnalögunum og ef því verður að svara neitandi, hversu viðtækan rétt lög nr. 46/1923 hafa veitt honum.

Þau lög, sem fyrst og fremst koma hér til athugunar, eru lög nr. 84/1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík og afstaða þeirra

til vatnalaganna. Lög nr. 84/1907 veita bæjarstjórn kaupstaðarins einkaleyfi til þess að leggja vatnsveitu í pipum neðanjarðar til Reykjavíkur og um kaupstaðinn. Bæjarstjórn hefir einkarétt til að selja neyzzluvatn í lögsagnarumdæminu, er hún hefir komið vatnsveitunni til bæjarins og um bæinn, og heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu, sem vatnsins geta orðið aðnjótandi. Bæjarstjórnin ein hefir því heimild til að ráða yfir því vatni, sem veitan lætur í té og leggja vatnsskatt á fyrir vatnsnotin. Einkaréttur bæjarstjórnarinnar til sölu á vatni veitunnar nær yfir allt það svæði, er veitan tekur til, en takmörk þess falla saman við takmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, og skylda bæjarins til að láta þeim vatn í té, sem utan lögsagnarumdæmisins búa, gat ekki átt sér stað. Nú láta vatnalögin lög nr. 84/1907 standa óhögguð og svo ríkt er kveðið að orði um þetta í 155. gr. vatnalaganna, að ef hvorttveggja lögin geta ekki samrýmzt, þá eiga vatnalögin að vikja.

Þótt nú svo væri, sem ekki er, að 31. gr. vatnalaganna heimilaði manni að taka vatn úr vatnsveitupípum annars manns og í annars landareign, þá næði þetta almenna ákvæði ekki til vatnsveitu Reykjavíkur. Um samskonar vatnsveitu eiga við ákvæði 34. gr., sbr. 35. gr. vatnalaganna. Þar segir svo, að vatnsveitur, sem gjörðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir, en þó skuli þeim, er eigi hefir í öndverðu tekið þátt í vatnsveitufyrirtæki, rétt að taka þátt í því, svo fremi vatn sé til þess nægilegt og það valdi eigi eiganda veitunnar verulegu óhagræði að öðru leyti. Þetta ákvæði virðist berlega koma í bága við áðurnefnd einkalög um vatnsveitu Reykjavíkur, sem ekki leggja kaupstaðnum neina skyldu á herðar um að láta vatn í té utan lögsagnarumdæmisins. Hér verða því vatnalögin að vikja samkvæmt beinum orðum 155. gr. þeirra, þar sem lög nr. 84/1907 eigi að halda gildi sínu þótt þau brjóti í bág við fyrirmæli vatnalaganna. Niðurstaðan af þessari rannsókn verður því sú, að stefnandi öðlast ekki umstefndan vatnstökurétt, hvorki með fyrirmælum vatnalaganna eða öðrum ákvæðum þeirra. Til þess að stefnandi fengi nokkurn rétt til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur, þurfti sérstök lög og í þessu augnamiði eru lög nr. 46/1923 sett.

Um þessi lög hefir stefndur haldið því fram, að 3. gr. þeirra hafi «ekki neina nýja heimild að geyma» umfram vatna-

lögin. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Innihald þessarar greinar er jákvætt og er beint að einu atriði, sem vatnalögin hreyfðu ekki við. Nefnda lagagrein ber að skoða sem viðauka, að efni til, við vatnalögin. Greinin er sambandsliður milli vatnalaganna og laga nr. 84/1907. Hún raskar hvorugum þessara laga, hvorki með beinum orðum né að það verði ráðið af undirbúningi laga nr. 46/1923 á Alþingi. Hinsvegar verður heldur ekki fallizt á þann skilning stefnanda á nefndri lagagrein, að hún veiti honum skilyrðislausan rétt til vatnstöku úr vatnsveitu stefnds, hvar sem hann kys og hvernig sem högum er háttað. Þess verður hvergi vart, að með þessu ákvæði hafi átt að leggja kvöð á kaupstaðinn, sem rýrði notagildi vatnsveitunnar fyrir hann eða hefði í för með sér fjárhagslegar byrðar. En sú yrði niðurstaðan ef íbúar Seltjarnarnesshrepps ættu ótakmarkaða og skilyrðislausa heimtingu á nægu vatni til heimilis- og búsparfa úr vatnsveitu Reykjavíkur, enda þótt bæjarfélagið brýsti vatn sökum vatnsmagns þess, er láta skyldi stefnanda í tje, og bæjarfélagið þyrfti þessvegna að leggja í meiri eða minni kostnað til aukningar vatnsmagni veitunnar. Slikt er ekki orðað í 3. gr. laga nr. 46/1923, en í greininni eru settar þær hömlur um notkun vatnsins, sem stefnandi kann að fá úr veitunni, að það megi hann aðeins nota til heimilis- og búsparfa. En því svarar greinin ekki, hversu nærri íbúar hreppsins megi ganga veitunni og gagnvart þörfum Reykjavíkurkaupstaðar og verður því að leita skýringar á þessu annarstaðar eða með öðrum orðum í grundvallarlögum vorum um rétt manna til vatns úr vatnsveitum annara, þ. e. a. s. í vatnalögunum og verður að þessu leyti að fallast á skilning stefnds á málinu.

Utan við hið einskorðaða og takmarkaða löggjafarsvæði, sem lög nr. 84/1907 taka til, gilda vatnalögin fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eins og annarstaðar á landinu. Nú virðist löggjafinn hafa litið svo á, að lög nr. 46/1923 bryti ekki í bág við nein önnur lög enda ekkert fyrirmæli í öðrum lögum um það, að önnur lög skuli vikja fyrir þeim, en slíka allsherjar skipun hafa aftur vatnalögin, sem gefin eru sama dag. Lög nr. 46/1923, 3. gr. virðist því eiga að skýra í samræmi við vatnalögin og með hliðsjón af einkalögunum um vatnsveitu Reykjavíkur, þegar sýnt hefir verið, eins og áður er sagt, að löggjafarmarkmið 3. gr. laga nr. 46/1923 er að vera sambandsliður milli nýnefndra tveggja laga.

Margnefnd lagagrein lætur nú svo ummælt, að íbúum Sel-tjarnarnesshrepps skal heimilt vatn frá vatnsveitu Reykjavíkur-kaupstaðar til heimilis- og búsparfa, og greiði sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sér. Þetta ákvæði svipar að orðalagi til ákvæðis 2. töluliðs 25. gr. vatnalaganna, enda virðist hugmynd löggjafans, sbr. ummæli framsögumanns um ákvæði 3. gr. 1. nr. 46/1923, er það var til umræðu í neðri deild, benda til þess, að stefnandi ætti að öðlast með grein þessari réttindi, sem líktust rétti eiganda lands, sem vatn er tekið frá til vatnsveitu kaupstaðar. Landeigandi hefir rétt til að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæð úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því og svari vatnsskatti frá þeim tíma, er hann getur notið vatnsveitunnar. Í þessu ákvæði virðist felast það, að landeigandi á heimtingu á vatnsæð til sín ekki aðeins til heimilis- og búsparfa heldur til hverskonar vatnsnota, sem hann vill — og er þannig viðtækari en heimild stefnanda — enda þótt veitan fleyti ekki nægilegu vatni til kaupstaðarins, er vatnsæð landeiganda bætist við, en í því falli ber hann kostnað af vikkun veitunnar auk kostnaðar við heimlögnina og svarar loks vatnsskatti samkv. fyrirmælum um vatnsskatt kaupstaðarins. Í 3. gr. laga nr. 46/1923 er aftur á móti ekki gjört ráð fyrir, að stefnandi bæri annan kostnað en þann, sem veitan *heim til hans* hefir í för með sér, sem bendir til þess, að stefnandi hafi ekki rétt til sjálfur á eigin kostnað að vikka vatnsveituna til bæjarins þótt vatnsmagn reyndist ónógt, enda bryti það í bága við 1. gr. laga nr. 84/1907, þar sem stefndur hefir einkarétt til að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til kaupstaðarins. Og því síður hefir stefnandi rétt til að krefjast þess, að stefndur auki vatnsmagnið á eigin kostnað, svo að þörfum stefnanda væri fullnægt, því slíkan rétt veitir hvorug nefndra lagagreina. En svo sem sýnt var, er réttur sá, sem veittur er landeiganda samkv. 2. lið 25. gr. vatnalaganna stórum viðtækari en heimild stefndanda og getur þessi grein því ekki átt við rétt hans til vatnsveitu stefnds.

Það ákvæði vatnalaganna, sem kemur þá til athugunar um vatnsveitu stefnanda úr veitunni, er 34. gr. þeirra. Um þessa grein hefir stefndur haldið því fram, að hún ætti við vatnsveitu einstakra manna en ekki opinberar eða almenningsveitur. En á þessa skoðun verður ekki fallið. Orðalag grein-

arinnar er það viðtækt að það nær yfir öll vatnsveitufyrirtæki III. kafla laganna og 35. gr. laganna sýnir enn fremur, að hér er átt við allar veitur, sem þessi kafla laganna tekur til, hvort heldur þær eru gjörðar og reknar af hrepps- eða bæjarfélögum eða einstökum mönnum. Þegar bornar eru saman 3. gr. laga nr. 46/1923 og 34. gr. vatnalaganna, sýnir það sig, að þær eru í bezta samræmi hvor við aðra, og einskis réttur fyrir borð borinn, hvorki veitanna, stefnds eða þiggjanda, stefnanda. Þessi grein vatnalaganna hefir það fyrir augum, að bæta aðstöðu þeirra, sem nærri vatnsveitu búa, en eru þó fyrir utan hið upphaflega veitusvæði, þeim, er taka þátt í fyrirtækinu síðar, eru alveg óatkvæðisbærir um allan rekstur og stjórn fyrirtækisins og fyrir þá gildir ekki fyrirmælin um hinn alm. vatnsskatt til veitunnar. Þetta er alveg í samræmi við 3. gr. laga nr. 46/1923. Hinsvegar setur 34. gr. engin takmörk fyrir því til hvernar notkunar það vatn skuli vera, sem hinn síðari þátt-takandi getur fengið, en þar setur 3. gr. l. nr. 46/1923 þau takmörk, að rétturinn nái aðeins til vatns til heimilis- og búsparfa, sem væntanlega verður að skýra samkvæmt 10. gr. vatnalaganna. Aftur á móti lætur 3. gr. l. nr. 46/1923 óumtalað, sem von var, þar sem vatnalögin hafa tæmandi grundvallarreglur um það atriði, að svo fremi geti stefnandi fengið vatn úr veitunni, að vatn sé til þess nægilegt umfram þarfir eiga- anda, stefnds, og það valdi honum eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. Stefnandi hefir haft glöggan skilning á þessu undirstöðuatriði og stilað varakröfu sína með hliðsjón af því. Réttur stefnanda til vatns úr vatnsveitu Reykjavíkur þýkir því eiga að fara samkvæmt 34. gr. vatnalaganna, sbr. 3. gr. laga nr. 46/1923 og að öðru leyti verður stefnandi að visu að hlíta ákvæðum laga nr. 84/1907 um einkarétt stefnds til að veita vatni í pípum neðanjarðar um Reykjavíkurkaupstað.

Aðalkrafa stefnanda að honum sé dæmdur réttur til að taka tiltekið vatnsmagn, þ. e. um allt að 80 m/m. víða pípu, á ákveðnum stað, suðurenda Rauðarárstígs, felur í sér forrétt stefnanda til vatns fram yfir Reykjavíkurkaupstað, þar sem stefnandi fengi með þessu tryggilega fullnægt vatnspörf sinni, áður en nokkuð væri á það reynt, hve mikils vatns kaupstaðurinn þarfnast. Þessi krafa getur ekki orðið tekin til greina, þar sem hún er algjörlega gagnstæð orðum og anda 34. gr. vatnalaganna, sem skipar fyrir um rétt síðari þátt-takanda í vatnsveitufyrirtæki alveg í gagnstæða átt. Samkvæmt þessari

grein getur réttur stefnanda til vatns úr veitunni þá fyrst komið til greina þegar vatnspörf kaupstaðarins er vislega fullnægt, það er þegar veitan flytur nægilegt vatn handa hverjum þeim í kaupstaðnum, sem kröfu á til vatns. Vatnsæð, er stefnanda væri heimilt að leggja til sín, ætti því að hafa upptök sín í vatnsveitu Reykjavíkur á þeim stað, sem æðin ekki dregur úr nægilegu vatnsmagni til nokkurs kaupstaðarbúa, sem vatnsskatti svarar, og að vatnstaka stefnanda valdi að öðru leyti eiganda vatnsveitunnar, Reykjavíkurkaupstað, eigi verulegu óhagræði. En um þetta fer fram mat dómkvaddra manna samkv. 34., sbr. 147 gr. b. vatnalaganna.

Kröfu stefnanda þykir því eiga að taka til greina á þann hátt, að honum skuli heimilt vatn úr vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til notkunar í heimilis- og búsparfir, svo fremi dómkvaddir menn meta, að vatn sé til þess nægilegt umfram þarfir kaupstaðarins, enda ákveði þeir stað þann, er æðina til stefnanda kann að mega taka úr veitunni, þannig, að vatnsnot stefnanda aldrei komi í bága við vatnspörf kaupstaðarins, en stefnanda þó tryggt vatn ef um fram er. Og enn er heimild stefnanda til vatns úr veitunni því skilyrði bundin, að vatnsæðin til hans valdi eigi, eftir mati sömu manna, Reykjavíkurkaupstað verulegu óhagræði að öðru leyti.

Málskostnað þykir stefndur eiga að greiða stefnanda og ákveðst hann hæfilega metinn 100 kr.

Miðvikudaginn 21. maí 1930.

Nr. 120/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
 gegn
 Ólafi Gottskálkssyni (Svb. Jónsson).
 Sýknudómur.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 20. júlí 1929: Kærður, Ólafur Gottskálksson, Siglufirði, greiði 40 kr. sekt í ríkissjóð, til vara, sæti einföldu fangelsi í 3 daga.

Svo greiði og kærður Jóhanni Þorfinnssyni í skaðabætur 325 kr. innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur greiði kærður allan kostnað, er leiðir af máli þessu.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.